

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 128/399

komudagur 3. 12. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

02.12.2002

Tilvísun: 2002110076

Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál.

Fjármálaeftirlitið styður meginefni frumvarpsins. Til bóta er að allar hegðunarreglur og reglur um réttindi og skyldur í tengslum við verðbréfavíðskipti verði á einum stað nái frumvarpið fram að ganga. Ýmsar breytingar á hugtökum auka á skýrleika laganna. Þá eru nokkrar breytingar gerðar á lagaákvæðum þar sem fram hafa komið hnökkrar í framkvæmd. Má nefna sem dæmi um slíkt ákvæði um sölu á stórum hluta þegar skráðra bréfa. Samkvæmt núgildandi lögum fellur slík sala undir ákvæði laga um almenn útboð og getur það verið þungt í vöfum fyrir eigendur stórra eignarhluta sem og stjórnendur viðkomandi hlutfélags.

Fjármálaeftirlitið tók þátt í starfi nefndar þeirrar er vann að samningu frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti og hafði því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri við undirbúning þess. Þó er rétt að vekja athygli nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á sjónarmiðum Fjármálaeftirlitsins varðandi ákveðnar greinar frumvarpsins.

- Vegna II. kafla frumvarpsins um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis telur Fjármálaeftirlitið rétt að vekja athygli á því að CESR (Committee of European Securities Regulators) gaf um mitt þetta ár út viðmiðunarreglur (e. standards) um vernd fjárfesta í viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur í hyggju að setja leiðbeinandi tilmæli með nánari útfærslu á ákvæðum II. kafla m.a. til samræmis við ofangreindar viðmiðunarreglur CESR.
- Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að í 8. gr. frumvarpsins er fólgin þrenging á vernd fjárfesta við kaup á óskráðum verðbréfum frá því sem er í 27. gr. gildandi laga. Þrengingin á sér stað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu notað hugtakið “óskráð verðbréf,” en hugtakið verðbréf hefur þrengri merkingu samkvæmt frumvarpinu en það hefur í núgildandi lögum og af því leiðir að ákvæðið í frumvarpinu tekur ekki til óskráðra afleiðusamninga líkt og núgildandi ákvæði gerir. Í öðru lagi eru

fjármálafyrirtæki undanskilin skyldu til þess að leggja mat á þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar við sölu á óskráðum verðbréfum hafi þau upphaflega verið seld í almennu útboði. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að þessi þrenging sé óheppileg þar sem ljóst er að áhætta fjárfesta sem kaupa þær fjármálaafurðir sem hér eru undanskildar kann að vera jafnmikil eða meiri en þeirra sem kaupa önnur óskráð verðbréf.


- Í 32. gr. frumvarps er kveðið á um skyldu til að leggja fram yfirtökutilboð þegar yfirtekinn hefur verið beint eða óbeint hlutur í skráðu félagi sem færir hluthafanum 50% atkvæðisréttar eða önnur sambærileg réttindi. Ekki voru gerðar tillögur um breytingar á þessu hlutfalli í nefndarstarfi við samningu frumvarpsins og Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemd við það. Fjármálaeftirlitið telur hins vegar æskilegt að hafin verði vinna á næstunni sem miðar að því að lækka þetta hlutfall.
- Varðandi gildissvið VIII. og IX. kafla telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að orða 39. og 42. gr. svo að efni kaflanna taki til allra skráðra fjármálagerninga og óskráðra afleiða sem byggja á skráðum gerningum.
- Í 43. gr. eru gerðar breytingar á heitum annarra innherja og er það til bóta. Hins vegar er einnig gerð efnisleg breyting á hugtakinu fruminnherji sem að mati Fjármálaeftirlitsins er til þess fallin að vikka óþarflega út þá sem undir það falla, þ.e. að því er varðar eigendur virkra eignarhluta. Með þessari breytingu er vikið frá því að miða jafnan skilgreiningu á innherjum við huglægar forsendur, þ.e. hvort viðkomandi búi yfir eða hafi að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum (innherjaupplýsingum). Æskilegra væri að staða eigenda virkra eignarhluta væri metin út frá aðstæðum hverju sinni.
- Að því er varðar X. kafla um eftirlit og reglugerð vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að þó að valdsvið stofnunarinnar virðist vera rúmt þegar litið er til orðalags í upphafi 52. gr. er ljóst að úrræði eftirlitsins eru takmörkuð við þær heimildir sem veittar eru í einstökum ákvæðum laganna sem og heimildir þær sem fram koma í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eftir því sem við getur átt. Í 52. gr. er dregið á samspil eftirlits Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar með framkvæmd nánar tilgreindra lagaákvæða. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að skipulegur verðbréfamarkaður hafi frumskyldum að gegna við að framfylgja sínum reglum, en að því er varðar brot á lögum hvíli frumskylda við eftirlit á Fjármálaeftirlitinu og beri skipulegum verðbréfamarkaði að tilkynna um brot á lögnum sem hann verður áskynja til eftirlitsins.
- Vegna ákvæða XI. kafla um stjórnvaldssektir vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að það hefur ekki heimildir til stjórnvaldssekta nema í þeim tilvikum einum þar sem um er að ræða brot á ákvæðum kafla um innherjaviðskipti. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið ekki möguleika til sérstakra aðgerða vegna t.d. markaðsmisnotkunar eða brota á flöggunarskyldu utan þeirra heimilda sem greinir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

- Vegna ákvæða XI. kafla um þau brot gegn ákvæðum laganna sem varða refsingu vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að það lítur svo á að það hafi áfram mat um það hvort nauðsynlegt er að gera Ríkislögreglustjóra grein fyrir brotum á lögunum teljist þau smávægileg, samanber ákvæði 12. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.


Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita frekari upplýsingar eða skýringar vegna málsins, verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Elin Jónsdóttir